

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.fags.	24.01.2017
Málalýkili	
Mál nr.	1701308



Garðabær
Pósthólf 82
121 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 19. janúar 2017
Tilv.: UMH16110003/0011


Að undanfögnu hefur staðið yfir vinna við gerð nýrrar reglugerðar um eldvarnir og eldvarnareftirlit hjá Mannvirkjastofnun. Ný reglugerð kæmi í stað tveggja eldri reglugerða, þ.e. reglugerðar um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í atvinnuhúsnæði nr. 200/1994 og reglugerðar um eldvarnareftirlit sveitarfélaga með atvinnuhúsnæði sem tekið hefur verið í notkun nr.198/1994. Kallað hefur verið eftir endurskoðun beggja reglugerðanna um nokkurt skeið. Þá hefur málefnið ítrekað verið til umfjöllunar á ráðstefnum Mannvirkjastofnunar og áður Brunamálastofnunar með slökkviliðsstjórum landsins. Við gerð reglugerðarinnar var einnig litið til norrænna reglugerða um sama efni og þá einkum nýrrar norskrar reglugerðar.

Reglugerðardrögin voru kynnt Félagi slökkviliðsstjóra á fundi með Mannvirkjastofnun síðastliðið haust og í framhaldinu voru gerðar lítilsháttar breytingar á þeim með hliðsjón af þeim athugasemdum sem fram komu á fundinum. Mat stofnunarinnar er að almennt séð hafi viðbrögð félagsins verið jákvæð. Frekari kynningar hafa ekki átt sér stað.

Ráðuneytið óskar hér með eftir umsögn um framkomin drög og að þau berist ráðuneytinu eigi síðar en 10. febrúar nk. Þeir aðilar sem hafa tök á að senda sína umsögn fyrr eru hvattir til þess. Stefnt er að því að úrvinnslu umsagna verði hraðað eftir fongum og að ný reglugerð taki gildi sem fyrst.

Drög að nýrri reglugerð um starfsemi slökkviliða er að finna á heimasíðu ráðuneytisins: <https://www.umhverfisraduneyti.is/frettir/drog-ad-reglugerd-um-eldvarnir-og-eldvarnareftirlit-i-kynningu>

Fyrir hönd ráðherra


William Freyr Hattingsdon-Williams